



HVATARBLAÐIÐ

NÝ SLEÐABREKKA Á BORG




Íbúar í Grímsnes- og Grafningshreppi létu hendur standa fram úr ermum fimmtudaginn 14. september s.l. þegar ný sleðabrekka var þökulögð í þéttbýlinu á Borg. Sleðabrekkan er síðasti áfanginn í nýju og skemmtilegu leiksvæði í sveitarfélaginu. Þau sem mættu unnu rösklega, kláruðu verkið á tveimur klukkustundum og gæddu sér svo á pylsum í hjálparsveitarhúsinu að vinnu lokinni.

Börn og fullorðnir hjálpuðust að enda börnin spennt fyrir því að geta nýtt brekkuna þegar snjóar í vetur



TORG Á BORG



BORUN VIÐ KALDÁRHÖFÐA





Verzlunin Borg



OPNUNARTÍMI FRÁ 15. SEPTEMBER – 15. MAÍ
MÁNUDAGA – LAUGARDAGA 10:00 – 18:00
SUNNUDAGA 12:00 – 16:00







MIDNIGHTSPECIALLCUP@GMAIL.COM



JP Verk ehf.
Jarðvinnuverktaki



**Jóhannes 848-1123 &
Guðmundur 868-4115**





jtverkehlf@gmail.com

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar:

Mánudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Þriðjudaga 15:00 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 - 13:30 og 15:00 til 16:30

Kvöldopnun:

Þriðjudaginn 17. október frá 19:30 til 21:30

Fimmtudaginn 19. október frá 19:30 til 21:30

Handverkskvöld

Þriðjudaginn 17. október kl.19:30



	Mánudagur	Þriðjudagur	Fimmtudagur	Laugardagur
10:15-12:00				Opinn fjölskyldutími börn og foreldrar saman
13:30-14:20			Fótbolti yngri - Trausti Rafn	
13:35-14:15		Karfa yngri - Florijan		
14:15-15:15	Frjálssar - Katla	Karfa eldri - Florijan		
14:20-15:10			Fótbolti eldri - Trausti Rafn	
16:30-18:00			Blak - fullorðnir	
19:30-21:00	Blak - fullorðnir	Fótbolti - fullorðnir	Karfa - fullorðnir	

Fréttatilkynning

Söngsveitin **Tvennir tímar**, er blandaður kór eldra fólks í uppsveitum Árnassýslu. Söngstjóri er Stefán Þorleifsson.

Æfingar eru einu sinni í viku, á miðvikudögum kl.13.30-15.00 í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.

Við í Tvennum tímum viljum hvetja alla sem hafa yndi af söng að koma með og taka þátt í góðum félagsskap.

Frekari upplýsingar hjá Magnúsi H.Sig. sími 862-3674 eða öðrum kórfélögum.

Stjórnin.



Styrktarreikningur
sveitarinnar er:
0586-26-456
kt. 490487-1319





Römpum upp Ísland hófst handa við að rampa upp Sólheima í Grímsnesi í vikunni. Lögð er áhersla á að leggja rampa við staði þar sem aðgengi er áfátt en mikilvægi þeirra mótast meðal annars af því að íbúar Sólheima eru að eldast og notast margir við göngugrindur.

16 rampar hafa verið settir upp að Sólheimum, allir af stærri gerðinni og meðal þeirra er rampur nr. 825 við Ingustofu. Markmiðið með verkefninu er að setja upp 1500 rampa á landinu öllu en það hefur verið aukið um þriðjung, úr 1000 í 1500 og verklok ákveðinn ári á undan áætlun eða í lok næsta árs.

Verkefnið **Römpum upp Ísland** hefur þann mikilvæga tilgang að greiða aðgengi hreyfihamlaðra að þjónustu, afþreyingu og þátttöku og stuðlar þannig að auknu jafnrétti. Römpunum er ætlað að veita hreyfihömluðum aukið aðgengi að samfélaginu en stofnaður var sjóður með aðkomu fyrirtækja og opinberra aðila sem stendur straum af kostnaðinum við gerð rampanna. Haraldur Þorleifsson stjórnandi hjá Twitter og stofnandi hönnunarfyrirtækisins Ueno er hvatamaður verkefnisins.

Sigurjón Örn Þórsson, stjórnarformaður Sólheima ávarpaði hópinn og sagði meðal annars: Verkefnið römpum upp Ísland er trúlega eitt mikilvægasta átak sem gert hefur verið í aðgengismálum á Íslandi í seinni tíð. Og það sem er svo stórmerkilegt við verkefnið er að það byggir á frumkvæði Haraldar Þorleifssonar, einstaklings sem tók málin í eigin hendur og hefur látið verkin tala. Verkefnið hefur notið góðs stuðnings Sigurðar Inga Jóhannssonar innviðaráðherra auk fjölda annarra aðila sem lagt hafa verkefninu lið. Í dag eru Sólheimar að njóta góðs af þessu mikilvæga verkefni og fyrir það erum við afar þakklát.

Edda Guðmundsdóttir íbúi að Sólheimum vígði rampinn en Edda styður sig við göngugrind. Edda sagði, "Það er gott á fá ramp.!" og klippti á borðan!

Halli Valli spilaði á gítar og stjórnaði söng sem Ármann Eggertsson, Guðlaug Jónatansdóttir, og Hanný María Haraldsdóttir fluttu ásamt Sólheimakórnum

Að lokum buðu Sólheimar, íbúum, starfsfólki og gestum upp á kaffiveitingar.

Það ringdi töluvert á meðan á athöfninni stóð, en bara á meðan athöfninni stóð!

Enginn er verri þótt hann vökni, sagði einhver.

Fyrir hönd Sólheima,
valgeir@solheimar.is

Myndirnar tók Leifur Þór Ragnarsson íbúi á Sólheimum





MÁLÞING LÍFRÆN RÆKTUN OG FRAMLEIÐSLA



Lífræn ræktun og framleiðsla – horft fram á veginn
Sólheimar í Grímsnesi hafa beitt sér fyrir lífrænni ræktun frá upphafi
starfseminnar árið 1930.

Efnt verður til málþings um lífræna ræktun og framleiðslu í Vigdísarhúsi,
Sólheimum, 6. október næstkomandi. Stíga þar á stökk bæði vísindamenn á
sviði ræktunar, lífrænir bændur og ræktendur sem fjalla um helstu álitæfni
lífrænnar ræktunar í dag frá mörgum hliðum. Að auki verður kynnt skýrsla
Environice um stöðu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og tillögur til
stjórnvalda.

Meðal þeirra sem flytja erindi verða Dr. Ólafur R. Dýrmundsson, Kristján
Oddsson, mjólkurframleiðandi á Hálsi í Kjós, Þórður G. Halldórsson
fyrirverandi garðyrkjubóndi á Akri í Laugarási, Erla H. Gunnarsdóttir
framkvæmdastjóri VOR, Sævar Ó. Ólafsson Samkaupum og Stefán Gíslason
framkvæmdastjóri Environice.

Málþingið stendur frá kl. 11:00 – 16:00 föstudaginn 6. október.

Boðið verður upp á léttan hádegisverð. Eftir þingið verður staðarleiðsögn í
boði. Fundarstjóri verður Kristinn Ólafsson framkvæmdastjóri Sólheima.
Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. Sætafjöldi er takmarkaður og því
nauðsynlegt að skrá þátttöku á vef Sólheima: www.solheimar.is.
Dagskrá og frekari upplýsingar um málþingið eru á vefsíðunni.

WWW.SOLHEIMAR.IS



Græna Kannan – Kaffihús Sólheimum



Opnunartími Grænu könnunnar og Völu í
OKTÓBER 2023

Virkir dagar opið 11:00 til 16:00

helgar 11:00 til 17:00

Mötuneyti Sólheima opið 11:30 til 13:00

Græna Kannan er kaffi- og samveruhús íbúa Sólheima og gesta. Ef þú vilt upplifa Sólheima með bragðlaukunum þá er Græna Kannan þinn heppilegasti kostur. Græna Kannan er staðsett í hjarta Sólheima og notar hráefni úr nærumhverfinu svo sem gróðurhúsinu Sunnu og matjurtagarðinum Tröllagarði.

Í Grænu Könnunni má einnig finna Listmunaverslunina Völu, fallega listmuni, kerti, tún vottaðar jurtavörur sem eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum og jurtum úr jurtagarði Sólheima, auk fullt af spennandi vörum sem íbúar Sólheima búa til. Oft eru uppákomur á kaffihúsinu og má sjá yfirlit yfir komandi atburði í dálknum „Á döfinni“ í Upplýsingatorginu.

Verið velkomin í kaffi á Grænu Könnuna!



Þann 6. október ætlum við hjá **Unglingadeildinni Greip** að ganga frá Reykholti til Borgar, um 20 km og halda á sjúkrabörum alla leiðina. Ágóðinn sem safnast ætlum við að nýta í að kaupa okkur búnað, fara í æfingarferðir og annað sem við þurfum að nýta í okkar starfi.

Við værum mjög þakklát ef einstaklingar og fyrirtæki vilja styðja okkur í þessu verkefni.

Til að styðja okkur má hafa samband við þann ungling í kringum ykkur sem er í starfinu en einnig er hægt að senda upplýsingar á annamaria@tintron.is eða leggja beint inn á reikninginn okkar: kt. 520288-1049, 0151-26-060621.

Með fyrirfram þökk fyrir stuðninginn.

Unglingadeildin Greipur





Nemendastyrkur Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur veitir nemendum á aldrinum 15 – 20 ára styrk til framhaldsskólanáms.

Skilyrði fyrir veitingu nemendastyrkja:

- Að styrkþegi hafi lögheimili í Grímsnes- og Grafningshreppi.
- Að styrkþegi sé á aldrinum 15 - 20 ára.
- Vottorði um staðfestingu á skólavist frá viðkomandi skóla sé skilað til skrifstofu sveitarfélagsins á netfangið gogg@gogg.is

Nemendastyrki er ekki heimilt að færa milli ára. Styrkur fellur niður sé ekki um hann sótt á þeirri önn sem styrkþegi stundar nám.

Styrkur getur orðið allt að 40.000 kr. fyrir hverja önn eða að hámarki 80.000 kr. á ári.



Heimasíða: bruestate.is



Brúarholt, Selfoss, Iceland, 805
Heimilisfang

Af félagsstarfi í Kvenfélagi Grímsneshrepps



Haust og vetrarstarf Kvenfélags Grímsneshrepps fer vel af stað. Þann 14. september héldu kvenfélagskonur haustfund í Félagsheimilinu Borg. Góð þátttaka var á fundi og enn heldur félagið áfram að vaxa og dafna.

Á fundinum var farið yfir framkvæmd Grímsævintýra. Félagskonur voru sammála um að vel hefði tekist til og var ágóði af tómbólunni góður, en honum verður á komandi mánuðum ráðstafað til styrktar góðra málefna. Við þökkum kærlega öllum þeim er studdu okkur með vinningum og aðstoðuðu við framkvæmd Grímsævintýra. Einnig þeim sem keyptu tómbólumiða og studdu þar með góð málefni.

Þann 23. september síðast liðinn fór stór hópur félagskvenna í frábæra dagsferð inn í Kerlingarfjöll með viðkomu við Gullfoss og í Árbúðum. Fararstjórn var í höndum Unnar Halldórsdóttur sem stýrði af miklum myndar brag.

Framundan hjá okkur eru skemmtilegir viðburðir, grímuball þann 27. október sem við hvetjum fjölskyldur til að taka þátt í, jólabingó í lok nóvember og okkar árlegi jólafundur.

Formaður Kvenfélags Grímsneshrepps, Ragna Björnsdóttir.





Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2023




27. október	Gímuball
Nóvember	Jólabingó
Nóvember	Jólafundur

Bókasafn Grímsnes og Grafningshrepps

Kl.	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
8:15	Opið	Kennsla	Opið	Opið	Opið
8:55	Kennsla	Kennsla	Kennsla	Opið	Opið
9:55	Opið	Kennsla	Opið	Kennsla	Lokað
10:35	Kennsla	Kennsla	Opið	Opið	Lokað
11:15	Kennsla	Opið	Opið	Opið	Lokað
12:00	M	A	T	U	R
12:30 til 13:30	Opið	Kennsla	Kennsla	Opið	
13:30 til 15:00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	
15:00 til 16:30	Opið	Opið	Lokað	Opið	

Lestur ljáir þér vængi og gefur lífinu lit



Sveitarstjórn 554 fundur 18. september 2023
kl. 09:00–09:44 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðna Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðna Marsibil Jónsdóttir.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar UTU, 13. september 2023.
Mál nr. 22, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35, 36 og 46
þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 265. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 13. september 2023.

Mál nr. 22; Úlfljótssvatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags – 2202007

Lögð er fram deiliskipulagstillaga sem tekur til frístundabyggðar við Úlfljótssvatn L170830 eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Í dag er í gildi deiliskipulagsupphættur, deiliskipulag frístundabyggðar við Úlfljótssvatn, dagsettur 16.6.1993. Í því skipulagi var gert ráð fyrir alls 26 húsum, 25 sumarhúsum og svo Úlfljótsskála sem áður var þjónustumiðstöð. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og upphættir. Í nýrri skipulagstillögu eru 26 frístundahús og svo Úlfljótsskáli eða samtals 27 byggingar. Húsum fjölga því aðeins um eitt en heimilað byggingarmagn innan svæðisins eykst í takt við uppfærðar byggingarheimildir. Athugasemdir bárust við málið að hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Brugðist var við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Sveitarstjórn samþykkir einnig að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 23; Oddsholt 3 (L198837); byggingarheimild; sumarbústaður - 2308080

Fyrir liggur umsókn Friðriks Ólafssonar fyrir hönd Titas Ivanauskas, móttækin 28. ágúst 2023, um byggingarheimild fyrir 68,3 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Oddsholt 3 L198837 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulag er í gildi fyrir frístundasvæðið að Oddsholti en engir byggingarskilmálar eru skilgreindir innan þess. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa. Sveitarstjórn felur Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita að stilla upp skilmálum vegna byggingarheimilda fyrir hverfið í samráði við sumarhúsafélag svæðisins.

Mál nr. 24; Minni-Borg golfvöllur Íþ5 og Landbúnaðarsvæði L3; Breytt landnotkun, nýtt íþróttasvæði og verslunar- og þjónustusvæði við Borg; Aðalskipulagsbreyting - 2303019

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar vegna breyttrar landnotkunar á svæði sunnan þjóðveggar við þéttbýlið að Borg í Grímsnesi eftir kynningu. Breytingin tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði innan núverandi golfvallarsvæðis þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir gistingu auk annarrar þjónustu við notendur golfvallarins. Að auki er skilgreint nýtt íþróttasvæði syðst á svæðinu sem tekur til uppbyggingar á hesthúsasvæði og aðstöðu fyrir hestaíþróttir. Sveitarstjórn samþykkir framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna Íþ5 og L3 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 31 sömu laga að undangenginni samþykkt Skipulagsstofnunar.

Mál nr. 25; Hestur lóð 18; Byggingarreitur; Deiliskipulagsbreyting - 2308039

Lögð er fram umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem tekur til lóðar Hests 18 innan frístundasvæðis á jörðinni Hesti. Í breytingunni felst að skilgreining byggingarreitar á lóðinni er skilgreind í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum að hluta.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða, þ.e. 168529, 168527, 168539 og 168533.

Mál nr. 26; Lækjarbakki 13 L205931; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2308051

Lögð er fram umsókn um breytingu á byggingarskilmálum frístundasvæðis í landi Búrfells 1, svæði 1.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á

deiliskipulagi og verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins. Skilmálar svæðisins verði eftirfarandi í samræmi við umsókn: Stærð sumarhúsa má vera allt að 180 fm. Samanlögð stærð aukahúss og frístundahúss má vera allt að 220 fm og er stærð aukahúss valfrjáls innan þess ramma. Nýtingahlutfall lóða er að hámarki 0,03.

Mál nr. 27; Írafossvirkjun L168922; Endurbætur útrásarrennu; Framkvæmdarleyfi - 2308058

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Landsvirkjun vegna endurbóta á útrásarrennu við Írafossvirkjun.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 28; Vaðnes L168289; Efnistaka; Framkvæmdarleyfi - 2308081

Lögð er fram umsókn frá Páli Helga Kjartanssyni er varðar framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku í landi Vaðness L168289.

Viðkomandi efnistaka er háð því að skilgreint verði efnistökusvæði á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps sem tilgreini um heimildir til efnistöku á gildistíma aðalskipulags.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja umsókn um framkvæmdaleyfi.

Mál nr. 29; Hagavíkurlaugar L198331; Ósk um aðalskipulagsbreytingu vegna borana og orkuvinnslu; Fyrirspurn - 2309029

Lögð er fram fyrirspurn frá Orkuveitu Reykjavíkur er varðar breytingu á aðalskipulagi er varðar skilgreiningu iðnaðarsvæðis í landi Hagavíkur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn. Sveitarstjórn vill árétta að þar með sé ekki verið að heimila orkuöflun innan svæðis og mun fjalla sérstaklega um það þegar sú ósk liggur fyrir. Sveitarstjórn vísar í bókun sína frá 1. mars 2023 þar sem tekið er undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar þar sem sveitarfélög eru hvött til að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög en slík vinna er nú þegar hafin.

Mál nr. 30; Vatnsholt L168290; Lambanes 1 og 2; Vatnsholtsvegur 6; Deiliskipulagsbreyting - 2308083

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Vatnsholts í Grímsnesi. Í breytingunni felst að lóðir svæðisins hafa verið hnitsettar og eru nú afmarkaðar með hnitum og málsetningum. Breytingin tekur til lóða Lambanes lóð 1, Lambanes lóð 2 og Vatnsholtsvegur 6. Stæðir lóða Lambaness lóð 1 og Vatnsholtvegur 6 breytast ekki við hnitsetningu. Lóð Lambaness 2 stækkar frá samþykktu deiliskipulagi úr 13.200 fm í 14.403 fm. Tilgangur með deiliskipulagsbreytingu þessari er að aðlagða betur lóðirnar að þeim aðstæðum sem eru á staðnum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir

hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Mælt er til þess að byggingarreitir verði skilgreindir í 50 metra fjarlægð frá vatnsbakka en að gert verði grein fyrir að heimilt verði að byggja við núverandi byggingar eða endurreisa á fyrri grunni svo framarlega sem byggingar fari ekki nær vatni.

Mál nr. 31; Kaldárhöfði L168256; Könnunarholur og vinnsluholur; Framkvæmdaleyfi – 2308094

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar borun könnunar- og vinnsluhola í landi Kaldárhöfða L168256. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins sem framkvæmdin tekur til en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 32; Kiðjaberg L168257; Stækkun lóðar og byggingarreits; Óveruleg deiliskipulagsbreyting – 2308096

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi er varðar stækkun lóðar og byggingarreits umhverfis vélaskemmu innan deiliskipulags Kiðjabergs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 33; Álfadalur L236324; Neðra-Apavatn L168269; Skógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2309002

Lögð er fram umsókn frá Skógálfum ehf. er varðar útgáfu framkvæmdaleyfis vegna skógræktar í Álfadal L236324 úr landi Neðra-Apavatns sbr. meðfylgjandi umsókn og ræktunaráætlun.

Sveitarstjórn bendir á að áður hafi verið veitt framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt á landi Álfabrekku (100 ha) og Álfaskeið (132,7 ha) sem eru samliggjandi viðkomandi landi Álfadals þar sem gert er ráð fyrir gróðursetningu á 90,7 ha svæði auk þess sem skilgreint skógræktarsvæði er á landi Álfhóls sem tekur til 25 ha svæðis. Að mati sveitarstjórnar er eðlilegast að horfa til þessara svæða sem heild og að samanlögð skógrækt á svæðinu öllu geti verið í heild allt að 350 ha. Við það telst verkefnið orðið tilkynningarskyldt á grundvelli laga um umhverfismat framkvæmda- og áætlana nr. 111/2021, 1. viðauka gr. 1.04. Að auki liggur fyrir að gefin hafa verið út framkvæmdaleyfi á aðliggjandi landi Skógabrekku á 90 ha svæði. Sveitarfélagið hefur verið í samskiptum við Skipulagsstofnun vegna heimilda í tengslum við skógrækt og telur nauðsynlegt að fá álit Skipulagsstofnunar á því hvort horfa eigi til landsvæðisins í heild sinni eða hvers landssvæðis fyrir sig þegar skógræktarheimildir eru metnar tilkynningarskyldar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fresta afgreiðslu framkvæmdaleyfis þar til niðurstaða Skipulagsstofnunar um matsskyldu verkefnisins liggur fyrir.

Mál nr. 34; Miðborgir í landi Miðengis; Byggingarmagn, breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2309006

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi Miðborga í landi Miðengis. Í breytingunni felst aukning á byggingarheimildum innan svæðisins og niðurfelling hámarksstærðar gestahúsa.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar breytingar á deiliskipulagi. Breytingin verði sérstaklega kynnt sumarhúsafélagi svæðisins.

Mál nr. 35; Öndverðarnes 2 lóð L170121; Selvíkurvegur 12 og 13; Skipting lóðar - 2308091

Lögð er fram umsókn er varðar skiptingu lóðarinnar Öndverðarnes 2 lóð L170121 í tvær lóðir skv. hnitsettum mæliblöðum. Gert er ráð fyrir að L170121 fái staðfangið Selvíkurvegur 12 (stærð 11.048,17 fm) og nýja lóðin Selvíkurvegur 13 (stærð 11.048,34 fm). Hnitsett afmörkun lóðarinnar hefur ekki áður legið fyrir en hún er í dag skráð 20.000 fm.

Sveitarstjórn telur að forsenda þess að hægt sé að taka afstöðu til uppskiptingar lóðarinnar sé að unnið verði deiliskipulag fyrir lóðina sem tekur m.a. til afmörkunar lóðarinnar, uppskiptingar hennar, byggingarreita og byggingarskilmála. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja skiptingu lóðarinnar þar til að deiliskipulag liggur fyrir.

Mál nr. 36; Vaðnes; Frístundabyggð; 4. áfangi; Deiliskipulag – 2204055

Lögð er fram tillaga deiliskipulags er varðar stækkun frístundabyggðar í landi Vaðness eftir auglýsingu og yfirferð Skipulagsstofnunar. Breytingar hafa verið gerðar á tillögunni vegna athugasemda sem bárust á auglýsingatíma tillögunnar og hefur umfang tillögunnar minnkað umtalsvert. Í tillögunni felst að gert er nýtt deiliskipulag sem tekur til hluta frístundasvæðis F26 skv. aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 31 sumarhúsaloð á 24,7 hektara svæði. Athugasemdir bárust við gildistöku tillögunnar af hálfu Skipulagsstofnunar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins. Samhliða er lögð fram óveruleg breyting á deiliskipulagi 3. áfanga frístundabyggðar að Vaðnesi þar sem vegtenging að 4. áfanga er skilgreind.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Brugðist var við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna og samantektar á athugasemdum og viðbrögðum sem lögð eru fram við afgreiðslu málsins. Mælt er til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda og að gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að óveruleg breyting á 3. áfanga deiliskipulags sem lögð er fram við afgreiðslu málsins fái málsmeðferð á grundvelli 2. og 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Breytingin taki gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda samhliða nýju deiliskipulagi fyrir 4. áfanga og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Mál nr. 46; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-190 - 2308003F

Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-190.

b) Fundargerð 10. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu, 5. september 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 10. fundar stjórnar Brunavarna Árnassýslu sem haldinn var 5. september 2023.

c) Fundargerð 319. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 7. september 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 319. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 7. september 2023.

d) Fundargerð 932. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 8. september 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 932. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 8. september 2023.

2. Bréf frá Innviðaráðuneytinu þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins um stjórnarsýslukæru vegna ákvörðunar Grímsnes- og Grafningshrepps um höfnun á beiðni kæranda um breytingu á gildandi aðalskipulagi hreppsins vegna lögheimilisskráningar þeirra á eigin heimili, IRN23090048.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Hrefnu Hallgrímsdóttur fyrir hönd Innviðaráðuneytisins, dags. 13. september 2023 þar sem tilkynnt er um stjórnarsýslukæru. Einnig er óskað eftir gögnum og sveitarfélaginu gefinn kostur á að gera grein fyrir athugasemdum sínum vegna kærunnar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vinna málið áfram.

3. Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára.

Lögð fram til kynningar umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi drög að húsnæðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnæðismál).

Sveitarfélagið er aðili að Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem hefur skilað inn umsögn og er sveitarstjórn í öllum atriðum sammála þeirri umsögn og gerir að sinni og þá sérstaklega kaflann um búsetufrelsi.

Sveitarstjórn ítrekar líka umsögn sína vegna grænbókar um skipulagsmál vegna búsetufrelsis þar sem segir: „Í umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 19. desember 2022 um grænbók um sveitarstjórnarmál komu fram áhyggjur vegna notkunar á hugtakinu búsetufrelsi. Síðan þá er orðið skýrara að hugtakið eigi að endurspegla „þá sýn að lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að geta búið sér heimili þar sem það helst kys, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfisgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar sem er á landinu“ eins og segir í grænbók um skipulagsmál á blaðsíðu 8 og 9. Sveitarstjórn fagnar því að Innviðaráðuneytið fari enn lengra í útskýringum sínum á hugtakinu en í grænbókinni á blaðsíðu 9 segir: „Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgönguhátta óháð staðsetningu á landinu er því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi. Með áherslu

á búsetufrelsi er ekki verið að opna fyrir að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabyggð“. Hafa þarf í huga að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Sveitarfélögin fylgja eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnum sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja.“

Í ljósi þess að eftirfarandi atriði koma fram í drögum:

-á blaðsíðu 8 segir „að skortur sé á sveigjanlegu húsnæði sem krefst minni skuldbindingar en íbúðarkaup“,

-á blaðsíðu 11 segir „Skapa þarf skilyrði til að öll hafi aðgengi að góðu og öruggu húsnæði með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði sem hentar ólíkum þörfum hvers og eins“,

-á blaðsíðu 18 segir „Nýta atvinnuhúsnæði sem ekki hentar lengur sem slíkt en er staðsett nálægt innviðum íbúðabyggðar, svo sem skólum, og kæmi til greina að nýta til búsetu samræmist það áformum viðkomandi sveitarfélags“, vill Grímsnes- og Grafningshreppur að það sé skýrt að skipulagsvaldið er hjá sveitarstjórnunum og að farið verði áfram að lögum um lögheimili eins og þau eru í dag.

4. Umsögn Grímsnes- og Grafningshrepps um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu.

Lögð fram til kynningar umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps um starfshóp um skattlagningu orkuvinnslu.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þakkar fyrir það tækifæri að fá að senda inn umsögn varðandi endurskoðun á skattlagningu orkuvinnslu á Íslandi. Grímsnes- og Grafningshreppur fagnar því að skattalegt umhverfi orkuvinnslu verði tekið til endurskoðunar. Sveitarstjórn telur að löngu tímabært er orðið að ráðast í endurskoðun löggjafar varðandi skattaumhverfi orkuvinnslu gagnvart sveitarfélögum.

Sveitarfélagið starfar innan Samtaka orkusveitarfélaga sem hefur skilað inn umsögn og og er sveitarstjórn í öllum atriðum sammála þeirri umsögn og gerir að sinni.

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur jafnframt sérstaka áherslu á eftirfarandi:

Á heimasíðu Fjármála- og efnahagsráðuneytisins segir í frétt um skipan starfshópsins: “Fjármála- og efnahagsráðherra hefur skipað starfshóp sem falið er að hefja skoðun á skattalegu umhverfi orkuvinnslu. Markmiðið er að skapa nýja skattalega umgjörð fyrir vinnsluna og kanna leiðir til að ávinningur vegna auðlindanýtingar, þ.m.t. vegna orkuframleiðslu, skili sér í ríkari mæli til nærsamfélaga og þeirra aðila sem fyrir áhrifum verða.”

Í heiti starfshópsins er þó eingöngu notast við orðið orkuvinnslu og leggur Grímsnes- og Grafningshreppur ríka áherslu á að fjalla þurfi einnig um flutning og dreifingu orkunnar.

Sveitarstjórn vísar í bókun sína frá 1. mars 2023 þar sem tekið er undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar þar sem segir

„Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.“

Sveitarstjórn ítrekar umsögn sína um 84/2023, „Valkostir og greining á vindorku. Skýrsla starfshóps“ þar sem segir: „Nærsamfélag orkuvinnslu á ekki og getur ekki fórnað sinni náttúru og auðlindum án þess að njóta sanngjarns ávinnings af orkuframleiðslunni. Skipta þarf tekjum nærsamfélagsins af orkuvinnslu milli þeirra er verða fyrir beinum áhrifum, óbeinum áhrifum og til nærsamfélags megin flutningskerfis raforku. Eðlilegt er að stærsti hlutinn fari til nærsamfélags er verður fyrir beinum áhrifum og nokkuð jöfn hlutföll séu milli þess svæðis er verður fyrir óbeinum áhrifum og til nærsamfélags flutningskerfisins“.

Sveitarstjórn vonast til að í umræðunni um mögulega aukningu á tekjum til sveitarfélaganna að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði alls ekki blandað inn í umræðuna um skattlagningu orkuvinnslu, útreikninga eða aðra umræðu um tekjur sveitarfélaga.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

5. Umsögn Grímsnes- og Grafningsshrepps um grænbók vegna skipulagsmála.

Lögð fram til kynningar umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps um grænbók vegna skipulagsmála.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps fagnar því að verið sé að vinna áfram að samstillingu á stefnumótun ríkis og sveitarfélaga með heildarhagsmunum sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt ítrekar sveitarstjórn skoðun sína, að það sé jákvætt að í innviðaráðuneytinu sé lögð rík áhersla á samhæfingu stefna og áætlana og að stefnur í málaflokkum ráðuneytisins verði fimm; byggðaaætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefna, húsnæðisstefna og stefna í sveitarstjórnarmálum. Sveitarstjórn styður þá hugmyndafræði ráðuneytisins að til að ná sem bestum árangri verði stefnurnar settar fram með sameiginlegri framtíðarsýn og meginmarkmiðum þannig að málefni myndi eina heild.

Í þeirri vinnu sem nú fer fram í tengslum við landsskipulagsstefnu er afar mikilvægt er að skipulagsvald sveitarfélaga verði virt og á engan hátt skert. Í umsögn sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps frá 19. desember 2022 um grænbók um sveitarstjórnarmál komu fram áhyggjur vegna notkunar á hugtakinu búsetufrelsi. Síðan þá er orðið skýrara að hugtakið eigi að endurspegla „þá sýn að lífsgæði fólks séu ekki síst fólgin í því að geta búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfissgæða, innviða og opinberrar þjónustu hvar sem er á landinu“ eins og segir í grænbók um skipulagsmál á blaðsíðu 8 og 9. Sveitarstjórn fagnar því að Innviðaráðuneytið fari enn lengra í útskýringum “.

sínum á hugtakinu en í grænbókinni á blaðsíðu 9 segir, „Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgönguhátta óháð staðsetningu á landinu er því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi. Með áherslu á búsetufrelsi er ekki verið að opna fyrir að fólk geti kosið sér búsetu utan þeirra svæða sem sveitarfélög skipuleggja fyrir íbúðabyggð. Hafa þarf í huga að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Sveitarfélögin fylgja eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnum sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja.

Nýlega voru gerðar breytingar á skipulagslögum sem lúta að uppbyggingu raforkuinnviða þar sem tekin verður ein sameiginleg skipulagsákvörðun. Það má vel vera að slíkt einfaldi eitthvað en skipulagsvaldið er án efa hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum sem vinna og lifa á því svæði sem þau hafa skipulagsvaldið yfir og því má áætla að viðkomandi aðilar séu líklega best til þess fallin að stýra skipulagsmálum á sínum svæðum.

Sveitarstjórn leggur þar af leiðandi mjög ríka áherslu á að tryggja þurfi aðkomu sveitarfélaga að vinnunni þegar skilgreina á þjóðhagslega mikilvæga innviði og eins við mótn á farvegi um stefnumörkun sem varðar sameiginlegar skipulagsákvæðanir um þjóðhagslega mikilvæga innviði.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps vill jafnframt koma því á framfæri að skoða þurfi í skipulagsmálum ítarlegri og/eða skýrari viðurlög vegna óleyfisframkvæmda og skýra heimildir skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa til að bregðast við þegar framkvæmt er í óleyfi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps er að sjálfsögðu reiðubúin til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

6. Bréf frá Innviðaráðuneytinu – Hvatning til sveitarstjórna um mótn málstefnu.

Fyrir liggur erindi frá Innviðaráðuneytinu, dagsett 5. september 2023, þar sem ráðuneytið hvetur sveitarstjórn til að ýta úr vör vinnu við málstefnu sveitarfélagsins sé slík stefna ekki fyrir hendi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að hefja vinnu við gerð málstefnu.

7. Erindi frá Björgvini Njáli Ingólfssyni vegna álits og fyrirmæla Innviðaráðuneytisins vegna gjaldskrár sundlaugar í sveitarfélaginu.

Fyrir liggur erindi frá Björgvini Njáli Ingólfssyni, dagsett 5. september 2023, þar sem óskað er svara við tveimur spurningum. Jafnframt er tekið fram í erindinu að undirritaður áskili sér rétt til að krefjast skaðabóta vegna þess tjóns sem ákvörðun sveitarfélagsins hefur haft í för með sér og vegna þess kostnaðar sem að undirritaður hefur haft af máli þessu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra ásamt lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins og svara erindinu.

8. Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

Lagt fram til kynningar minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. ágúst 2023 um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027.

9. Aukaaðalfundur Samtaka orkusveitarfélaga.

Fyrir liggur fundarboð á aukaaðalfund Samtaka orkusveitarfélaga sem haldinn verður þann 19. september í fjarfundarbúnaði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að tilnefna Björn Kristinn Pálmarsson sem sinn fulltrúa með atkvæðisrétt og Ásu Valdísi Árnadóttur til vara.

10. Skipun í nefndir Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að Guðrún Helga Jóhannsdóttir hefur beðið um tímabundið leyfi sem aðalmaður í nefndum á vegum sveitarfélagsins, en hún hefur verið aðalmaður í skólanefnd og loftslags- og umhverfisnefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Guðmundur Finnbogason komi inn sem aðalmaður fyrir Guðrúnu Helgu í eitt ár í skólanefnd og Sigríður Kolbrún Oddsdóttir komi inn sem aðalmaður í loftslags- og umhverfisnefnd í eitt ár. Guðrún Helga Jóhannsdóttir verður varamaður í báðum nefndum við breytingarnar.

11. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2023 - 2024.

Fyrir liggur beiðni frá Reykjavíkurborg um námsvist nemanda í Kerhólsskóla utan lögheimilissveitarfélags skólaárið 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina samhljóða og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

12. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2023 - 2024.

Fyrir liggur beiðni frá Guðrúnu Helgu Jóhannsdóttur um námsvist tveggja sona hennar utan lögheimilissveitarfélags við Ásgarðsskóla, skóla í skýjunum skólaárið 2023-2024. Fyrir fund liggur rökstuðningur frá verkefnastjóra sérkennslu og sérkennara Kerhólsskóla um fyrirbyggjandi umsókn þar sem mælt er með því að drengirnir fái að vera í íslenskumælandi skóla þann tíma sem þeir dvelja erlendis.

Sveitarstjórn samþykkir beiðnina samhljóða og að greiddur verði skólakostnaður samkvæmt viðmiðunarreglum Sambands íslenskra sveitarfélaga út skólaárið 2023 – 2024.

13. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags 2023 - 2024.

Fyrir liggur beiðni frá Bryndísi Ólafsdóttur um að tvö börn hennar fái skólavist utan lögheimilissveitarfélags við Vallaskóla á Selfossi skólaárið 2023-2024. Sveitarstjórn hafnar beiðninni samhljóða og gert verður ráð fyrir að börnin hefji skólagöngu við Kerhólsskóla hið fyrsta.

14. Ályktun frá Skógræktarfélagi Íslands.

Lagt fram til kynningar.



Sveitarstjórn 553 fundur 6. september 2023
kl. 09:00–11:17 Stjórnsýsluhúsinu Borg

Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir oddviti
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Iðna Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðna Marsibil Jónsdóttir.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 39. fundar fjallskilaneftdar Grímsnes- og Grafningshrepps, 23. ágúst 2023.

Mál nr. 2 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 39. fundar fjallskilaneftdar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 23. ágúst 2023.

Mál nr. 2; Fjallskil.

Farið yfir fyrirkomulag fjármögnunar fjallskila. Fjallskilaneftnd leggur til að fjallskil verði greidd með eftirfarandi hætti:

1/3 fasteignahluti verði greiddur eins og samþykkt var af sveitarstjórn 2021.

2/3 bændur leggi til vinnu (dagsverk) í samræmi við fjárfjölda og sveitarfélagið greiði það sem útaf stendur af kostnaði við fjallskil í formi styrkjar til að viðhalda þeim forna sið og menningararfi okkar sem fjallskil eru.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vinna að óskum fjallskilaneftndar fyrir árið 2023 að því gefnu að fjallskilaneftnd vinni nánari útfærslu á styrkjaforminu og tillögu fjallskilaneftndar. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að útfærslan sé einföld og þar komi skýrt fram hvernig dagsverkin sem bændur leggi til leggist á hvert sauðfjárbú og hvernig því sem út af stendur og eigi að styrkja leggist á hvert sauðfjárbú. Jafnframt er sveitarstjórn sammála um að fjallskilaneftnd verði falið að yfirfara og leggja til úthlutun á styrkjum á fundi sínum í desember 2023.

Mál nr. 5; Undirbúningur fjallskila.

Fjallskilaneftnd óskar eftir því að starfsmaður sveitarfélagsins fari og yfirfari réttir og skála fyrir fjallskil auk þess að sækja fjágrindur sem sveitarfélagið á og hafa til taks fyrir fjallskil.

Hefð hefur verið fyrir því að starfsmenn sveitarfélagsins hafi í samskiptum við formann fjallskilanefndar og fjallskilanefnd rætt saman um þau verkefni sem sinna þarf fyrir fjallferðir og leitir ár hvert. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála sé tengiliður nefndarinnar og sé nefndinni innan handar með þau mál sem þarf. Steinar hefur nú þegar byrjað á einhverjum verkefnum tengdum fjallferðum.

b) Fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar UTU, 23. ágúst 2023.
Mál nr. 25, 26, 27, 28, 29, 30, 31, 32, 33, 34, 35 og 50 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 264. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 23. ágúst 2023.

Mál nr. 25; Syðri-Brú lóð L169624; Færsla byggingarreits; Fyrirspurn – 2308001

Lögð er fram fyrirspurn frá Hermanní Unnsteini Emilssyni er varðar stækkun byggingarreits á lóð Syðri-Brúar lóð L169624. Gróðursetning og lagning stofnlagna að lóðinni hafa gert ráð fyrir staðsetningu bústaðar nokkuð sunnar en byggingarreitur er skilgreindur á deiliskipulagi svæðisins. Óskað er eftir því að reiturinn verði skilgreindur 10-15 metrum sunnar en hann er í dag skilgreindur í um 35 m fjarlægð frá lóðarmörkum til suðurs. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemd við gerð deiliskipulagsbreytingar sem tekur til endurskilgreiningar á byggingarreit lóðarinnar í takt við framlagða fyrirspurn.

Mál nr. 26; Neðan-Sogsvegur 15 L169420; Neðan-Sogsvegur 15B, 15C og 15D; Stofnun lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2306090

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til lóðar Neðan-Sogsvegur 15. Í breytingunni felst skipting lóðarinnar í 4 mismunandi hluta í takt við núverandi byggingarheimildir lóðarinnar. Með tillögu deiliskipulagsbreytingar er lögð fram greinargerð til rökstuðnings ákvörðun skipulagsnefndar og sveitarstjórnar ásamt skriflegu samþykki meðeigenda lóðarinnar. Athugasemdir bárust á kynningartíma breytinganna og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt andsvörum málsaðila. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 27; Þröstalundur (L168297); byggingarheimild; 13 tjaldhýsi fyrir atvinnustarfsemi – 2308010

Fyrir liggur umsókn Kristins Ragnarssonar fyrir hönd V63 ehf., móttokin 19.07.2023, um byggingarheimild fyrir 13 tjaldhýsi fyrir atvinnustarfsemi á viðskipta- og þjónustulóðinni Þröstalundur L168297 í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að synja framlagðri umsókn um byggingarheimild fyrir 13 tjaldhýsum. Að mati sveitarstjórnar er forsenda

slíkrar uppbyggingar að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið sem tekur til allra framkvæmdaheimilda innan þess. Fyrir liggur bókun frá stjórn UMFÍ að ekki standi til að fara í neinar breytingar á núgildandi samningum varðandi leigu og rekstur viðkomandi svæða. Ekki var veitt heimild fyrir því af hálfu UMFÍ að rekstraraðila svæðisins væri falið að vinna deiliskipulagsáætlun sem tekur til þess.

Mál nr. 28; Nesjavallavirkjun L170925; Stækkun borsvæða og fjölgun borhola; Endurskoðun deiliskipulags – 2308004

Lögð er fram beiðni frá Orku náttúrunnar um að hefja vinnu við endurskoðun deiliskipulags Nesjavallavirkjunar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Orku náttúrunnar ohf. heimild til að vinna að endurskoðun deiliskipulags fyrir Nesjavallavirkjun. Sveitarstjórn vill þó árétta þar með sé ekki verið að heimila aukna orkuöflun innan svæðis og mun fjalla sérstaklega um það þegar sú ósk liggur fyrir. Sveitarstjórn vísar í bókun sína frá 1. mars 2023 þar sem tekið er undir bókun Samtaka orkusveitarfélaga frá 17. febrúar þar sem sveitarfélög eru hvött til að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög en slík vinna er nú þegar hafin.

Mál nr. 29; Minna - Mosfell L206810; Skógrækt; Framkvæmdarleyfi - 2307044

Lögð er fram umsókn frá IceWild ehf. er varðar framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi Minna-Mosfells. Um er að ræða alls 91,5 ha svæði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að útgáfu framkvæmdaleyfis verði frestað. Mælist sveitarstjórn til þess að lögð verði fram ræktunaráætlun með umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar þar sem nánar verði gert grein fyrir verkefninu, skiptingu svæðisins, tímaáætlun, tegundalista o.s.frv.

Mál nr. 30; Klausturhólar frístundabyggð; Baulurimi 14 L168979 og Baulurimi 16 L168982; Færsla lóðarmarka; Deiliskipulagsbreyting - 2307017

Lögð er fram umsókn frá VIK Holdings ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar að Klausturhólum. Í breytingunni felst hliðrun á lóðarmörkum milli lóða Baulurima 14 og 16. Eftir breytingu verði lóð Baulurima 16, 6.700 fm og lóð Baulurima 14, 13.300 fm.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 31; Kiðjaberg frístundabyggð; Vegtenging; Deiliskipulagsbreyting - 2307015

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundasvæðisins að Kiðjabergi. Í breytingunni felst að vegtengingu verði breytt þannig að í stað tengivegar verði tvær botnlangagötur. Vegtenging verður að lóðum 18-26 frá afleggjara að Arnarbæli og tenging að lóðum 1-17 frá Kiðjabergsvegi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 32; Svínavatn 3 L232042; Íbúðarlóðir; Deiliskipulag - 2305076

Lögð er fram tillaga er varðar nýtt deiliskipulag á lóð Svínavatns 3 L232042 eftir kynningu. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að skipta 5 ha landi í 2 lóðir, 3,5 ha og 1,5 ha að stærð, og að þar geti risið 1 íbúðarhús á hvorri lóð og á þeirri stærri vinnuskemmu og lítil gestahús til útleigu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 33; Þóroddsstaðir; Langirimi-frístundabyggð; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting - 2302025

Lögð er fram tillaga frá Þóroddi ehf. er varðar breytingu á skilmálum frístundasvæðis Langarima í landi Þóroddsstaða eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst breyting á skilmálum deiliskipulags með þeim hætti að heimilt verði að vera með rekstrarleyfis skylda gistingu í flokki I og II skv. reglugerð auglýsingu þess. Engar athugasemdir bárust við grenndarkynningu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir grenndarkynningu. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar og að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 34; Björk 1 L211337; Björk vatnsból; Stofnun lóðar - 2308046

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi um stofnun lóðar úr landi Bjarkar 1 L211337. Um er er ræða 24 ha lóð sem fær staðfangið Björk vatnsból.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða erindið.

Mál nr. 35; Mosabraut 9 L212967; Stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting - 2306044

Lögð er fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Mosabrautar 9 í Vaðnesi. Í umsókninni felst beiðni um að heimild verði veitt fyrir breytingu á byggingarreit lóðarinnar þannig að hann verði skilgreindur í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum. Málinu var synjað á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 29.6.2023 þar sem ekki voru talin liggja fyrir fullnægjandi rök fyrir umsóttu breytingu. Meðfylgjandi eru lagðar fram röksemdir lóðarhafa fyrir breytingunni. Málið lagt fram að nýju til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Mál nr. 50; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-189 - 2308001F

Lögð er fram til kynningar fundargerð byggingarfulltrúa nr. 23-189.

c) Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans, 15. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans sem haldinn var 15. júní 2023.

d) Fundargerð 7. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 16. ágúst 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 7. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga sem haldinn var 16. ágúst 2023.

e) Fundargerð 59. fundar stjórnar Bergrisans bs., 9. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 59. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 9. júní 2023.

f) Fundargerð 60. fundar stjórnar Bergrisans bs., 12. júní 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 60. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 12. júní 2023.

g) Fundargerð 61. fundar stjórnar Bergrisans bs., 12. júlí 2023.

Lögð fram til kynningar fundargerð 61. fundar stjórnar Bergrisans bs., sem haldinn var 12. júlí 2023.

2. Uppfærð gjaldskrá vegna lása og lykla í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur ný gjaldskrá fyrir lykla og lása að hliðum í frístundabyggðum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að hver lás sé seldur á kostnaðarverði kr. 27.000,- og hver lykill kosti kr. 2.300,-.

3. Drög að samkomulagi um kaup á Orkubúi Vaðnes ehf.

Lögð eru fram drög að samkomulagi um helstu skilmála kaupatilboðs og einkaviðræður vegna kaupa og sölu á öllu hlutafé í Orkubúi Vaðnes ehf. ásamt drögum að leigusamningi um jarðhitaréttindi í Vaðnesi. Sveitarstjórn samþykkir drögin samhljóða og felur sveitarstjóra að undirrita samningana og vinna málið áfram ásamt Smára B. Kolbeinssyni formanni framkvæmda- og veitunefndar og Ragnari Guðmundssyni umsjónarmanni framkvæmda og veitna.

4. Kaldavatnsöflun úr Kaldárhöfða.

Fyrir liggur greinargerð vegna umsóknar um rannsóknarleyfi í landi Kaldárhöfða ásamt minnisblaði um rannsóknir á vatnslindum í Kaldárhöfða og fundargerð frá samráðshópi vegna samvinnu Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar vegna kaldavatnsöflunar. Búið er að kostnaðarmeta rannsóknarboranir og ráðgjöf við verkið og helstu leyfi komin. Lagt er til að sveitarfélagið sem eiga aðild að samstarfinu skipti rannsóknarkostnaði jafnt á milli sín. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að rannsóknarkostnaði verði skipt jafnt á milli sveitarfélaganna sem koma að samstarfinu og að Grímsnes- og Grafningshreppur verði skilgreindur verkkaupi og geri verkið upp við Flóahrepp og Árborg um áramót.

5. Jafnréttisáætlun Grímsnes- og Grafningsshrepps 2023 – 2026.

Fyrir liggur að endurskoða þer jafnréttisáætlun sveitarfélagsins til næstu þriggja ára.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra endurskoðun jafnréttisáætlunarinnar og að leggja fram tillögur að breytingum.

6. Tónlistarskóli Árneseinga – ósk um aukinn kennslukvóta í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lögð fram fyrirspurn Helgu Sighvatsdóttur, skólastjóra Tónlistarskóla Árneseinga þar sem óskað er eftir auknum kennslukvóta um 2 klukkustundir frá fyrra ári.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða aukinn kennslukvóta og felur sveitarstjóra að gera viðauka við fjárhagsáætlun.

7. Erindi frá Torfæruklúbbnum – ósk um leyfi fyrir Bikarmóti í torfæru.

Fyrir liggur beiðni frá Torfæruklúbbnum um leyfi til að halda Bikarmóti í torfæru laugardaginn 16. september í nánum við Svínavatn, Stangarhyl, L210787.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gera ekki athugasemdir við að keppnin verði haldin.

8. Erindi frá Láru V. Júlíusdóttur fyrir hönd Heimis Karlssonar – krafa um skráningu lögheimilis í frístundahúsi.

Afgreitt er bréf sem sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps barst frá Láru V. Júlíusdóttur lögmanni f.h. Karls Heimis Karlssonar og Rúnu Hjaltested Guðmundsdóttur, dagsett 8. ágúst 2023, þar sem þess er krafist að sveitarstjórn ráðist í breytingar á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins í því skyni að viðkomandi aðilum verði gert kleift að skrá lögheimili sitt í fasteign sinni að Tjarnarhólslaut 82, Grímsnes- og Grafningshreppi, landnr. L193110. Um er að ræða sumarbústaðalóð sem er staðsett á svæðinu Snæfoksstaðir í dreifbýli, sem skilgreint er sem frístundabyggð samkvæmt gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps 2020-2032. Hefur svæðið verið skilgreint sem frístundabyggð allt frá því að aðilar festu kaup á eigninni árið 2021. Svæðið er ekki ætlað til fastrar búsetu, sbr. skilgreiningu á frístundabyggð í 9. tölul. 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og eru engin íbúðarhúsnæði á svæðinu. Í stefnumörkun aðalskipulagsins, sbr. gr. 3.1, er gert ráð fyrir að ekki verði skilgreind ný íbúðarsvæði í dreifbýli innan sveitarfélagsins. Þéttbygð íbúðarsvæði verði fyrst og fremst í skilgreindum þéttbýliskjörnum að Borg og á Sólheimum. Með því verði viðkomandi kjarnar styrktir og stuðlað að betri nýtingu innviða og annarra fjárfestinga. Gildandi aðalskipulag gerir því ekki ráð fyrir að frístundahúsalóðinni að Tjarnarhólslaut 82 verði breytt í íbúðarhúsalóð til fastrar búsetu, en sveitarfélagið hefur hag af því að hafa íbúðarsvæði fyrst og fremst í og við þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Í ljósi þess að lóðin að Tjarnarhólslaut 82 er samkvæmt aðalskipulagi staðsett á svæði sem er umlukið frístundahúsalóðum, sem ekki eru ætlaðar til fastrar búsetu, er það mat sveitarstjórnar að það myndi falla illa að aðalskipulaginu í heild, hvað varðar landnotkun og byggðamynstur, að breyta skipulagi umræddrar lóðar sérstaklega í lóð undir íbúðarhúsnæði. Það myndi þannig raska byggðamynstri sveitarfélagsins ef umrædd

frístundahúsalóð yrði skilgreind sem íbúðarhúsalóð í aðalskipulagi, enda eru lóðir í kring skilgreindar sem frístundahúsalóðir. Telur sveitarstjórn að sveitarfélagið skuli eftir fremsta megni leitast við að halda samfellu í landnotkun innan aðalskipulags en ljóst er að aðalskipulagið gerir ráð fyrir að skipulögð frístundabyggð myndi heildstæða einingu.

Að gættum markmiðum skipulagslaga hefur sveitarstjórn frjálst mat um það hvernig aðalskipulagi skuli háttað, svo fremi sem það mat byggir á lögmætum sjónarmiðum. Fellur það því innan skipulagsvalds sveitarfélagsins að ákveða hvar íbúðarhúsnæði skuli staðsett innan sveitarfélagsins en vald sveitarfélagsins í þessum efnum er viðtækt. Í skipulagslögum nr. 123/2010 er gert ráð fyrir því að í aðalskipulagi komi fram heildarsýn á langtímaþróun sveitarfélagsins. Við gerð aðalskipulags eru þannig heildarhagsmunir sveitarfélagsins og íbúa þess hafðir í huga og er því almennt ekki ráðist í breytingar á aðalskipulagi vegna einnar lóðar sérstaklega. Jafnframt er ljóst að íbúar sveitarfélagsins eiga ekki lagalegan rétt á því að aðalskipulagi og stefnumörkun þess verði breytt vegna lóðar þeirra.

Með vísan til alls framangreinds er hér með bókun sú ákvörðun sveitarstjórnar að hafna umræddri beiðni um breytingu á gildandi aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningsshrepps með tilliti til lóðar fasteignarinnar að Tjarnarhólslaut 82.

9. Erindi frá Stígamótum – beiðni um fjárstuðning.

Fyrir liggur bréf frá Drífu Snædal talskonu Stígamóta, dags. 30. ágúst 2023, þar sem óskað er eftir fjárstyrk til reksturs samtakanna. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða.

10. Erindi frá Ungmennafélaginu Hvöt.

Fyrir liggur erindi frá stjórn Ungmennafélagsins Hvatar þar sem óskað er eftir aðstöðu til þess að hafa píluspjald ásamt nauðsynlegum hlífðarbúnaði í húsnæði á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að láta eftir aðstöðu til þess að hafa píluspjald og fylgihluti í húsnæði á vegum sveitarfélagsins og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samráði við skólastjórnendur og Ungmennafélagið Hvöt.

11. Erindi frá grunnskólakennurum við Kerhólsskóla – fyrirkomulag vinnutímastyttingar.

Fyrir liggur erindi frá grunnskólakennurum við Kerhólsskóla, í erindinu kemur fram tillaga að framkvæmd styttingar vinnuvikunnar hjá grunnskólakennurum í Kerhólsskóla skólaárið 2023 – 2024. Einnig liggur fyrir ósk skólastjóra Kerhólsskóla um fulla styttingu vinnuvikunnar.

Sveitarstjórn samþykkir erindin samhljóða. Sveitarstjórn minnir á að full stytting vinnuvikunnar felur í sér að grein 3.1 í kjarasamningi verður óvirk.

12. Námsstyrkir starfsfólks Kerhólsskóla.

Fyrir liggur umsókn um styrk til að stunda nám í kennarafræðum. Umsóknin er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um fjölgun faglærðra starfsmanna við Kerhólsskóla.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða.

13. Álit Samkeppniseftirlitsins vegna samkeppnisaðstæðna á flutningsmarkaði.

Lagt fram til kynningar.

14. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs máls nr. 161/2026, „Breyting á lögræðislögum“.

Lagt fram til kynningar.

15. Næstu fundir sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði 19. september n.k. kl. 9:00.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 11:17.

Vetrarfrí í október

Í vetrarfríinu hvetur lýðheilsu- og æskulýðsnefnd fjölskyldur til samveru og útiveru.

Við hvetjum fjölskyldur til að heimsækja þessa staði, einn eða fleiri eftir hentugleika hvers og eins. Skiltin verða komin upp 11. október og verða upp í einhverjar vikur eftir að vetrarfríi lýkur. Nánari upplýsingar um leikinn verða inni á heimasíðu sveitarfélagsins: <https://www.gogg.is/>

Staðirnir eru:

Krossinn á Úlfljótsvatni
Flóðahringurinn á Sólheimum
Skógræktin á Snæfoksstöðum
Yndisskógurinn á Borg
Kerhóllinn

Vilji fólk deila myndum á samfélagsmiðlum má gjarnan merkja þær með #gogg

1



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafningshreppur
veitðan fyrir alla



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR



Íþróttamiðstöðin Borg Vetraropnun

21. ágúst—31. maí

Mánudaga – fimmtudaga kl. 14:00 – 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00—18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 - 5530



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is